

R E G L U G E R Ð

um eftirlaun samkvæmt II. kafla laga nr. 101 1970, um Lífeyrissjóð bænda.

1. gr.

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri og makalífeyri.

Þeir, sem verið hafa bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili, eiga rétt á ellilífeyri samkvæmt 4. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

- a. séu fæddir árið 1914 eða fyrr.
- b. hafi náð 70 ára aldri og látið af búskap;
- c. hafi verið bændur á lögbýlum í árslok 1967 og átt þar lögheimili;
- d. hafi áunnið sér réttindatíma samkvæmt 3. gr.

Nú fellur bóndi, sem uppfyllt hefur skilyrði 2. málsgr., frá eftir 31. desember 1969, og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt á makalífeyri samkvæmt 4. gr., enda hafi hinn látni áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi samkvæmt 3. gr., hinn eftirlifandi maki sé eigi yngri en 35 ára við fráfall bóndans, hjónabandið hafi staðið a. m. k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri. Sambúð veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. laga nr. 101 1970 um Lífeyrissjóð bænda um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt. Því aðeins skal tekið tillit til óvígðrar sambúðar, sem átt hefur sér stað fyrir árslok 1970, að skrifleg tilkynning hafi horizt frá hlutaðeigandi bónda fyrir lok júnímánaðar 1971, þar sem tilgreint sé, hve lengi sambúð hefur staðið.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum þessarar greinar um lögheimili, ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöru-framleiðslu.

2. gr.

Við ákvörðun um, hvort umsækjandi um ellilífeyri eða sá, sem umsókn um makabætur er tengd við, telst bóndi á lögbýli eða hafa látið af búskap, skal að jafnaði farið eftir ábúendaskrá Landnáms ríkisins.

Nú færir umsækjandi rök að því, að ekki hafi verið um rétta eða fullnægjandi skráningu að ræða hjá Landnámi ríkisins, og skal þá stjórn sjóðsins úrskurða um lífeyrisréttindi með hliðsjón af skattframtölum, landbúnaðarskýrslum og öðrum gögnum, er máli geta skipt. Á sama hátt skal stjórnin taka skráningu til athugunar og úrskurðar, ef gögnum ber ekki saman eða hún telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla, að skráning hafi verið ófullnægjandi eða röng.

3. gr.

Til réttindatíma skal reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbýli og átt þar lögheimili eftir 55 ára aldur.

Réttindatími reiknast í mánuðum frá 1. janúar 1955 eða 1. næsta mánaðar eftir, að 55 ára aldri er náð, eftir því, sem við á, til loka þess mánaðar, er látið er af búskap. Ef ekki er ljóst, á hvaða tíma árs bóndi hefur látið af búskap, skal miðað við 31. maí. Búskapartími eftir 70 ára aldur reiknast með réttindatíma, en þó getur samanlagður réttindatími aldrei orðið lengri en 20 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrði 1. málsgr. um lögheimili, sbr. síðustu málsgr. 1. gr.

Nú heldur kona áfram búskap að bónda sínum látnum og tekur ekki makalífeyri, og er þá heimilt að reikna henni réttindi fyrir tíma, er maður hennar var skráður fyrir búinu, enda hafi hún sjálf verið bóndi a. m. k. 5 ár eftir fráfall hans. Þó skal sá tími, er hún hefur sjálf verið bóndi eftir 70 ára aldur, reiknast tvöfalt í þessu sambandi. Að öðru leyti miðast lífeyrisréttur við það, að konan uppfylli skilyrði 1. gr.

4. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er samkvæmt 1. gr., miðast við réttindatíma og meðaltal grundvallarlauna samkvæmt 8. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda næstu 5 almanaksár, áður en taka lífeyris hefst.

Árin 1966—1971 skulu grundvallarlaun reiknast sem hér segir:

Árið 1966	kr. 168 098.00
— 1967	— 191 236.00
— 1968	— 191 236.00
— 1969	— 209 046.00
— 1970	— 240 167.00
— 1971	— 318 731.00

Frá og með árinu 1972 skulu grundvallarlaun reiknuð í samræmi við upplýsingar verðlagsnefndar landbúnaðarvara (sexmannanefndar).

Lífeyrir skal vera eftirfarandi hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna, sbr. 1. og 2. málsg. Ef um er að ræða ellilífeyri og skilyrðum 3. málsg. 1. gr. um hjúskap eða sambúð er ekki fullnægt, skal þó lækka meðaltekjurnar um 20%, áður en lífeyrir er reiknaður.

Réttindatími	Ellilífeyrir	Makalífeyrir
5 ár	—	10%
6 —	—	11%
7 —	—	12%
8 —	—	13%
9 —	—	14%
10 —	12.5%	15%
11 —	14.0%	16%
12 —	15.5%	17%
13 —	17.0%	18%
14 —	18.5%	19%
15 —	20.0%	20%
16 —	22.0%	21%
17 —	24.0%	22%
18 —	26.0%	23%
19 —	28.0%	24%
20 —	30.0%	25%

Skemmri réttindatími en 10 ár veitir ekki rétt til ellilífeyris samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Lífeyrir samkvæmt 9. og 11. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt 4. gr. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. eða 11. gr. laganna, telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt 4. gr. að ræða.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt 4. gr. Hafi hlutaðeigandi eftir árslok 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bændu úrskurðar, hvernig innstæða í lífeyrissjóði með séreignaskipulagi skuli metin til frádráttar. Til frádráttar koma enn fremur lífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, nema um sé að ræða viðbótargreiðslu samkvæmt 3. málsg. 12. gr. þeirra laga. Þá koma eftirlaunagreiðslur samkvæmt fjárlögum og til frádráttar.

Lífeyrir samkvæmt 4. gr. skerðist, ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu, er nema $\frac{1}{2}$ grundvallarlauna eða meira á almanaksári, og skal skerða lífeyrinn um

$\frac{1}{2}$ fyrir hvern $\frac{1}{2}$ hluta grundvallarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en $\frac{3}{4}$, skal hann felldur niður með öllu. Telji sjóðstjórn tekjulið vera að nokkru leyti vinnutekjur, en að nokkru leyti eignatekjur, skal hún áætla skiptingu hans í þessa tvo hluta. Atvinnuleysisbætur og slysadagpeningar teljast til vinnutekna í þessu sambandi.

6. gr.

Greiðslur eftirlauna eiga sér stað frá 1. janúar 1971 til þeirra, sem þá uppfylltu skilyrði fyrir eftirlaunarétti. Til þeirra, sem síðar öðlast rétt til eftirlauna, greiðast þau frá 1. næsta mánaðar eftir að þeir öðlast þann rétt. Aldrei skal úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár.

Eftirlaun greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er stjórn sjóðsins ákveður. Dó skal eigi greitt oftar en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við Búnaðarbanka Íslands um, að bankinn annist greiðslu lífeyris fyrir sjóðinn samkvæmt reglugerð þessari. Skal þá bankinn gera ársfjórðungslega kröfu á hendur ríkissjóði, sem greiðir 62.5% útgjalda, og Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem greiðir 37.5% útgjalda. Skal miðað við, að þessir aðilar geri skil á áætluðum útgjöldum hvers ársfjórðungs ásamt endanlegu uppgjöri fyrir næsta ársfjórðung á undan eigi síðar en tveimur vikum fyrir lok ársfjórðungsins.

7. gr.

Umsóknir um eftirlaun skulu ritaðar á eyðublöð, er stjórn sjóðsins lætur gera. Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og veita þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að úrskurða um eftirlaunarétt.

Telji stjórn sjóðsins upplýsingar um einhver þau atriði, er máli skipta um eftirlaunarétt, vera ófullnægjandi, skal hún fresta úrskurði, unz úr hefur verið bætt, eða miða greiðslu við þann rétt, sem ótvíræður er.

Stjórnir búnaðarfélaga skulu láta stjórn sjóðsins í té skrár um þá, sem þær telja, að rétt eigi til eftirlauna.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 101 1970 um Lífeyrissjóð bænda og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 7. júlí 1971.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

7. júlí 1971.

Nr. 121.

REGLUGERÐ

um verkaskiptingu milli félagsmálaráðs og áfengisvarnarnefndar Reykjavíkur.

1. gr.

Verkaskipting milli félagsmálaráðs og áfengisvarnarnefndar í Reykjavík er, sem greinir í reglugerð þessari.

2. gr.

Áfengisvarnarnefnd fer með:

1. Starf til eflingar bindindisstarfsemi í Reykjavík.
2. Almenn fræðslu- og upplýsingastarf um bindindis- og áfengismál.
3. Eftirlit með lögboðinni bindindisfræðslu í skólum.